



25. júní 2012

*Mennta- og menningarmálaráðuneytið
B.t. Stefán Baldursson
Sölvhólgata 4
150 Reykjavík*

Efni: Tillögur Íðnskólans í Hafnarfirði í framhaldi af úttekt á innra starfi skólans sem fram fór á vorönn 2012

Ágæti Stefán.

Með bréfi dagsettu 31. maí 2012 óskar ráðuneytið eftir því við skólameistara Íðnskólans í Hafnarfirði að fá:

- ✓ tímasetta áætlun um hvernig skuli brugðist við tillögum skýrsluhöfunda
- ✓ upplýsingar um hvernig viðbrögðin tengjast markmiðum í skólasamningi

Á bls. 56. og 57 í úttektarskýrslunni leggja höfundar fram 12 tillögur að aðgerðum til úrbóta og verður hér brugðist við þeim tillögum út frá óskum ráðuneytisins hér að ofan. Tillögur úttektaraðila eru birtar orðréttar með bláu letri og það undir viðbrögð skólameistara. Allar tillögur sem fram koma í neðangreindum viðbrögðum við ábendingum úttektaraðila falla vel að markmiðum skólans eins og þau koma fram í gildandi skólasamningi.

1. Vinna þarf markvisst að nýrri skólanámskrá með aðkomu sem flestra undir faglegri forystu skólameistara sbr. lög um framhaldsskóla.

Viðbrögð.

Vinna við að uppfæra skólanámskrárdög sem liggja fyrir frá árinu 2009 er þegar hafin. Óskað verður eftir fulltrúum starfsfólks í vinnuhóp þegar á starfsdögum í ágúst 2012 til að vinna að verkinu. Skólinn hefur fengið styrk til að þróa stúdentsprófsbraut sem tekur mið af sérstöðu skólans og núverandi námsframboði. Reiknað er með að vinna að nýrri skólanámskrá verði lokið á vorönn 2013.



- 2. Í því skyni að draga úr ágreiningi vegna fyrirkomulags námsmats er lagt til að stofnaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að gera tillögur að skipan námsmats í tengslum við nýja skólanámskrá. Hópurinn kannaði sérstaklega hvaða áhrif það gæti haft á heildarnámstímann og gæði náms í hinum ýmsu iðngreinum að stytta prófatíma og lengja kennslutíma, og hvaða möguleika á breytingum á mámi það býður upp á.**

Viðbrögð.

Ágreiningur innan skólans um námsmat snéri fyrst og fremst að túlkun á fjölda kennslu- og prófadaga þ.e. kjarasamningsmál en síður að faglegri framkvæmd námsmatsins. Sá ágreiningur liggur nú hjá Ríkinu og Kennarasambandi Íslands og hefur ráðuneytið tekið af skarið og úrskurðað við skólameistara að ekki megi kenna meira en 145 kennsludaga á skólaári. Þar með er sá ágreiningur úr sögunni og skil milli kennslutíma og prófatíma skýr. Í því felst að nemendur fara í gegnum kennslutímabil og prófatímabil í sínu námi í öllum áföngum, annars uppfyllir skólinn ekki lög um að nemendur fái 175 daga þjónustu í námi á hverju skólaári. Ákveðið hefur verið að kalla eftir fulltrúum áhugasamra kennara þegar á starfsdögum næsta haust til að sitja í starfshópi sem geri tillögu að fyrirkomulagi námsmats í Iðnskólanum. Ekki er gert ráð fyrir að hópurinn taki að sér jafn viðamikili verkefni og lagt er til af skýrsluhöfundum þ.e. kannaði áhrif á heildarnámstímann og gæði námsins í hverri iðngrein. Slík úttekt kallar á vinnu sérfræðinga ráðuneytisins og fjölmargra annarra aðila og töluverðan kostnað.

- 3. Í tengslum við nýja skólanámskrá er mikilvægt að greind verði þörf fyrir annars vegar stoðkennslu og hins vegar starfs- og námsráðgjöf og leitað raunhæfra leiða m.t.t. til þarfa nemenda og fjárhags skólans. Einnig að skoðað verði aukið samstarf náms- og starfsráðgjafa við yfirstjórn skólans og deildarstjóra.**

Viðbrögð.

Þörf fyrir stoðkennslu er í skoðun í tengslum við skipulag haustannar 2012 en sífellt er verið að leita leiða til að bæta þjónustuna við nemendur. Varðandi náms- og starfsráðgjöf þá var sl. skólaár aukið stöðugildi á því sviði um 100% og var ekki vanþörf á. Sjálfsagt er að endurskoða umfang náms- og starfsráðgjafar en ekki er alveg ljóst hvort skýrsluhöfundar telja aukninguna of



mikla eða of litla. Náms- og starfsráðgjafar hafa fundað formlega með stjórnendum skólans (vikulega) auk óformlegra funda og úrvinnslu einstakra mála. Verið er að skoða hvort fjölgun funda bæti þjónustuna og einnig hvort breyta þurfi formi og innihaldi fundanna til að gera þá skilvirkari. Einnig verður skoðað sérstaklega samráð náms- og starfsráðgjafa og deildarstjóra. Reiknað er með að þessi samskiptamál verði komin í góðan farveg þegar í upphafi haustannar 2012.

4. Kennsluáætlanir þurfa að vera samræmdar, sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla, og því fylgt eftir að þeim sé skilað. Setja þarf viðmið um árangur sbr. aðalnámskrá.

Viðbrögð.

Þegar á starfsdögum haustið 2012 verður fjallað sérstaklega um kennsluáætlanir í því augnamiði að samræma gerð og skil kennsluáætlana. Einnig hefur verið ákveðið að taka upp gæðastaðla til að auka skilvirkni og skýra verkferla innan skólans. Til að innleiða gæðakerfi hefur stöðugildi gæðastjóra verið aukið um 25 prósentustig. Í framhaldi af því koma viðmið um árangur sjálfkrafa til framkvæmda.

5. Huga þarf betur að markvissari endurmenntun allra starfsmanna út frá þörfum skólans og einstakra starfsmanna.

Viðbrögð.

Tekið var upp það verklag sl. vetur að starfsfólk skilaði inn á sérstöku eyðublaði yfirliti yfir endurmenntun sína á liðnu ári. Tilgangur þess er að fá yfirlit yfir stöðu endurmenntunarmála innan skólans og innan einstakra deilda. Í kjölfarið verður unnin áætlun um hvar skólinn sem slíkur kemur að endurmenntun eða getur beitt sér í þeim málum. Leitast verður við að mæta þörfum skólans og einstakra starfsmanna eins og efni að aðstæður leyfa.

6. Virkja þarf nemendur enn frekar í stefnumótun, skólanámskrárgerð og til þátttöku í þróunarverkefnum sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla.

Viðbrögð.

Ekkert stendur um þetta sérstaklega í aðalnámskrá framhaldsskóla en á síðasta ári og á þessu vori voru haldnir nokkrir skólafundir þar sem allt



skólasamfélagið kom saman til að ræða hagsmuna- og framfaramál innan skólans. Allir nemendur og allt starfsfólk hefur á þessum fundum málfrelsi og tillögurétt. Á vordögum 2012 var haldið nemendaping um allt það sem færa má til betri vegar innan skólans og stjórnendum og starfsfólki kynntar niðurstöður þess þings. Þróunarverkefni hafa í gegnum tíðina verið nokkur innan skólans og hafa nemendur átt þar mikinn þátt. Þessi almennu en óljósu tilmæli verða ofarlega í huga stjórnenda við áframhaldandi þróun skólans.

7. Skoða þarf stjórnskipulag skólans m.t.t. aukinnar ábyrgðar deildarstjóra og almennt auka aðkomu starfsmanna að ákvörðunum.

Viðbrögð.

Vorið 2011 var kynnt nýtt skipurit og verkefnarit fyrir Íðnskólann sem var nokkuð breytt frá því sem var. Í framhaldi af því voru 9 stöður deildarstjóra auglýstar og í þær ráðið í framhaldinu. Vorið 2012 fengu deildarstjórar aukið sjálfstæði t.d. í fjármálum og tekin voru upp innkaupakort fyrir hverja deild. Sl. vetur var unnið að þróun verkefna og ábyrgðarsviðs deildarstjóra og verður þeirri vinnu framhaldið um komandi ár. Á síðasta ári var farið að halda reglulega starfsmannafundi þar sem aðkoma allra starfsmanna að ákvörðunum var tryggð. Einnig hafa verið haldnir liðsheildardagar á árinu 2011 og 2012 þar sem allt starfsfólk hefur komið saman og unnið að stöðugreiningu og framtíðarsýn fyrir skólann. Auk þess hafa allir starfsmenn málfrelsi og tillögurétt á skólafundum þar sem álitamál eru rædd. Litið er á tilmælin sem almenna ábendingu sem höfð verður í huga við eflingu skólastarfsins í átt til meiri skynsemi og lýðræðis.

8. Rýna þarf betur í kannanir um líðan nemenda þar sem vísbendingar eru um vanlíðan yngsta nemendahópsins og kanna einelti reglulega.

Viðbrögð.

Stjórnendur og starfsfólk mun rýna betur í kannanir um þessi mál og fylgjast grannt með gangi mála. Haustið 2012 verður tekið á mótí nýnemum á markvissari hátt með það fyrir augum að halda betur utan um þann hóp nemenda. Einnig er í bígerð að kalla sérstaklega saman eldri nýnema en sá hópur er ekki síður brothættur en sá yngri.



9. Foreldraráð verði stofnað við skólann sbr. lög um framhaldsskóla og í ljósi þess að líðan ólögráða nemenda er lakari í skólanum en landsmeðaltal, sbr. kannanir þar um.

Viðbrögð.

Foreldraráð er til við skólann og átti skólameistari fund með foreldraráði vorið 2011. Ekki gekk að fá foreldra til starfa veturinn 2011-2012 en það er landlægt vandamál við skólann. Meðalaldur nemenda er rúmlega 25 ár og sökum eðlis starfseminnar eru nemendur að koma og fara (námssamningar). Áfram verður reynt að virkja foreldra til góðra verka og uppfylla lög um foreldraráð enda samstarf við heimilin gríðarlega mikilvægt. Náms- og starfsráðgjafar skólans hafa haldið mjög vel utan um ólögráða nemendur skólans og sinnt einstaklingsþjónstu á framúrskarandi hátt í samvinnu við forráðamenn. Einnig er deildarstjóri starfsbrautar í sérstöku samstarfi við heimili nemenda á þeirri braut. Skólinn vinnur mjög gott starf við að bæta líðan nemenda og vinna gegn einelti og mun halda þeirri vinnu áfram.

10. Fundin verði lausn á húsnæðismálum skólans en fram kom í úttektinni að húsnæði skólans er of lítið og hluti húsnæðis er vart boðlegur nemendum og starfsfólki.

Viðbrögð.

Stjórnendur Íðnskólans hafa unnið að þessum málum um árabíl en árið 2008 var öll undirbúningsvinna við stækkun húsnæðisins lögð til hliðar. Vorið 2011 átti skólameistari fund með mennta- og menningarmálaráðherra, ráðuneytisstjóra og sviðsstjóra fjármála í ráðuneytinu og óskaði eftir að vinna að úrbótum í húsnæðismálum yrði endurvakin. Formlegt erindi fór frá skólanum í þessa veru vorið 2012 og í kjölfarið hefur skólameistari átt fund með ráðherra um málið. Beðið er eftir viðbrögðum ráðuneytisins en ákvörðun um úrlausn þessa máls er í höndum Ríkisstjórnar Íslands. Stjórnendur skólans munu beita sér áfram í málinu um ókomna tíð af fullum þunga enda mikið hagsmunamál fyrir skólann og samfélagið í heild.

11. Aðkoma skólaráðs og skólanefndar að starfssemi skólans verði aukin sbr. lög um framhaldsskóla. Lagt er til að skólanefnd beiti sér ásamt skólanum fyrir því að leita úrræða til að endurnýja tækjabúnað skólans.



Viðbrögð.

Skólaráð var virkjað við skólann vorið 2011 og haldnir þar fundir og bókaðir. Ekki verður séð með hvaða hætti hægt sé að auka aðkomu skólaráðs að starfssemi skólans en fyllilega hefur verið farið að lögum frá vorönn 2011 í þessum efnum. Skólanefnd hefur fulla aðkomu að starfssemi skólans en í henni sitja mjög reyndir aðilar í skólamálum og hafa setið í fjölda ára í skólanefnd Íðnskólans. Skólameistari hafði samband við úttektaraðila til að fá nánari útskýringar á hvaða tækjabúnaður þyrfti endurnýjunar við en það kemur hvergi fram í úttektarskýrslunni. Svör úttektaraðila voru á þá leið að það væri ekki þeirra mál að greina það, heldur skólans, og hafði úttektaraðilinn ekki minnstu hugmynd um hvaða tækjabúnað við væri átt í þeirra eigin tillögum. Þess ber að geta að Íðnskólinn í Hafnarfirði telur 9 deildir og eru kennslutæki, stór og smá, í notkun í skólanum fyrir á annað hundrað milljónir króna. Hingað sækir t.d. Háskóli Íslands á hverju ári með um 70 nemendur vegna góðs tækjabúnaðar og reyndra kennara. Ef átt er við venjulegar borðtölvur þá var ákveðið við rekstraráætlanagerð fyrir árið 2012 að endurnýja megnið af tölvubúnaði í skólastofum á því ári. Óvíst er hvernig úttektaraðilar hugsa sér aðkomu skólanefndar sérstaklega að þessu máli en stuðningur hennar hefur alltaf verið vís í öllum framfaramálum skólans.

12. Mennta- og menningarmálaráðuneytið efli leiðsögn við framhaldsskóla vegna innleiðingar nýrrar aðalnámskrá og sjái til þess að starfsgreinaráð ljúki vinnu sinni.

Viðbrögð.

Þetta eru hin bestu tilmæli sem skólameistari hlýtur að taka undir og kemur hér með þessum ábendingum til ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,

Ársæll Guðmundsson, skólameistari